

Fundargerð

4x4 og Fetar

Fundarstaður: 14. júní 2019, Reykjavík, Suðurlandsbraut 24

Fundartími: 15:00-16:00

Fundarritari: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

Afrit sent á alla fundarmenn til samþykktar

Fundarmenn:

Hákon Ásgeirsson – Umhverfisstofnun

Sigurgeir – Rangárþing ytra

Þórdís Björt Sigþórsdóttir – Umhverfisstofnun

Jón Baldvinsson – formaður stjórnar FETAR (baldvinsson@simnet.is, stjorn@fetar.is)

Gjaldkeri feta -

Jón G. Guðmundsson – Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4

Markmið fundar

1. Farið yfir áherslur fundarins og hvaða afurð við leitum eftir í lok fundar.
2. Kynning á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar um friðland að Fjallabaki.
3. Farið yfir drög af korti með reiðleiðum.
4. Farið yfir sérreglur um umferð og dvöl og þá möguleika að takmarka umferð á viðkvæmum svæðum,
 - a. viðkvæmustu svæðin eru háhitasvæðin sem er innan Torfajökulsöskjunnar og má því gera ráð fyrir að Askja sjálf verði afmörkuð sem mjög viðkvæmt svæði.
5. Önnur mál sem þarf að bæta eða laga innan friðlandsins.

1. Hákon fer yfir áherslur fundarins og hvað leitast verður að að ræða, markmið og lokaafurð. Umhverfisstofnun vill fá sem flestar upplýsingar frá þeim aðilum sem eru að nýta friðlandið fyrir ferðamenn, s.s. hvað þarf að bæta, einhverjar sérstakar reglur sem þeir telja að þurfi að setja, umferðarreglur og annað sem þarf að gera til að bæta umferð, öryggi og umgengni innan friðlandsins.
2. Þórdís kynnir hvað stjórnunar- og verndaráætlun felur í sér svo allir fundarmenn séu meðvitaðir um þá vinnu.
3. Erum að skoða hvernig verið er að ferðast um friðlandið – erum með kort þar sem við erum búin að skilgreina það sem Umhverfisstofnun ætlar að vernda sérstaklega og þar sem verður takmörkuð umferð. Gerum ráð fyrir strangari stýringu þar sem um mjög viðkvæmt svæði er að ræða – viljum gott aðgengi en um leið vernda jarðminjar sem okkur ber að vernda.

Jón hjá 4x4 - Kortið – líklega unnið úr kortagrunni Landmælinga sem var unnin í samræmi við 4x4.

Til að komast inn í Landmannalaugar á snjó, ef það er hægt að fara á snjó þá er betra að fara gömlu leiðina, vetrarleiðin í gegnum jarðfallið, komið niður á veginn á hálsinn.

4. Jón – Fetar: Á veturnar þegar verið er að keyra jarðfallið – þegar það er allt ófært þá er verið að fara upp og beint ofan í jarðfallið, þegar snjór minnkar þá hafa menn áhyggjur af gróðrinum, ein hugmynd er að hafa einhvern vetrarveg í gegn, einhvern formlegan veg, í staðinn fyrir að strögglast. Ef vetrarleiðin væri norður fyrir, hún er illfærarari og meiri möguleiki á gróðurspjöllum.

Á vorin þegar það er lítill snjór og krapí það er erfiðasti tíminn.

Hákon – af hverju er ekki hægt að leggja áhersla á aðra staði yfir ákveðinn árstíma þegar svæði eru lokuð vegna leysinga og viðkvæmni gróðurs fyrir öllum ágangi? Fetar: Aðstaðan sem fólk er að sækja eftir er í Landmannalaugum, stór og fínn skáli og laugin.

Jón Fetar: það hefur ekki verið reynt að ryðja fyrir þó það sé snjór á sneiðingnum á Frostastaðahálsi, það er hliðarhallinn sem gerir vanalegu leiðina ófæra,

Hákon: það eru ekki bara vegirnir sem eru viðkvæmir fyrir umferð heldur einnig gönguleiðir. Allur gróður og jarðvegur er sérstaklega viðkvæmur þegar frost er að fara úr jörð og jarðvegur gegnsósa af vatni.

Jón Fetar: flestar ferðir á veturna eru dagsferðir, það gefst enginn tími til að ganga, geta sagt við fólk að það sé ekki hægt að ganga á þessum svæðum vegna aurbleytu.

Hákon: Spurning að setja á meiri vöktun á viðkvæmum tíma til að meta hvenær má oppna og hvar þarf að loka og hvar má opna á vorin.

Jón Fetar: Leiðsögumenn sem eru að fara inn á svæði á viðkvæmum tíma séu upplýstir hvaða leiðir eru opnar og lokaðar og hvað upplýsingum þeir þurfa að koma á framfæri til sinna kúnna varðandi umgengni um viðkvæm svæði.

Fetar: Varðandi sveitarfélagið, hvort þeir brenni inni að skilgreina vegi sem 4x4 hafa til dæmis skrásett.

Hákon: Það er ekki á könnu UST, þeir þurfa að ræða það innbyrðis en breytingar á vegum innan friðlands þarf samþykki UST.

Hákon: Ljótípollur hefur mikið verið í umræðunni, hvernig við komum í veg fyrir raskið, vegurinn austan megin upp á gíginn versnar og dýpkar, UST hefur lokaði þessum vegkafla þangað til önnur lausn er í málinu, hvað er því til fyrirstöðu að keyra upp og til baka vestan megin, í staðinn fyrir hringleið. Fundarmenn sammála því að það sé í lagi að loka leiðinni og að fólk fari upp og til baka sömu leið. Hafa bílastæði austan megin við rætur gígsins þar smærri rútur gætu þá einnig lagt.

Allir fundarmenn samþykkir því að breyta þessu og það sé ekki hringleið.

5. Hákon: Viljum gera einstefnu á Hnausapoll – Einstefnu til að forðast að menn mætist og vegur breikkar.

Hákon : ætla að fara að merkja og setja upp nýju skiltin frá Vegagerðinni.

Hákon: verið að hanna nýtt bílastæði við Námskvísl, þegar það er komið þá er hugmyndin að rúturnar og litlu bílarnar keyri ekki inn fyrir Námskvísl. Rútturnar gætu keyrt fólkið inn fyrir ef þess er þörf og svo farið til baka og lagt rútunum. Deiliskipulag sem nýja bílastæðið er hluti af þarf að far í umhverfismat, verið að vinna í því.

Helstu vetrarleiðir innan friðlandsins

Hákon: hvernig eru helstu vetrarleiðirnar innan friðlandsins?

Jón 4x4 – menn keyra sunnanverðu og inn, Dyngjuleiðin notuð ef hún er fær, valkostur niður í Landmannalaugar, lendir inn á Sigölduleiðinni, á leiðinni heim farið norður í Sigölduleið.

Hákon: En innan Torfajökulsvæðisins? Fundarmenn: frá Álftavatni, Reykjadalurinn, Dalakofinn, Pokahryggir og niður á Dómadalsleið, Hrafninnusker (eru ekki að selja ferðir þangað að vetri til), síðasti spottinn það erfiður að ekki er hægt að tryggja að það sé hægt að komast þangað.

Jón 4x4 – hvernig er það með Hamragilshvíslina? Eitthvað af vélsleðamönnum, vita ekki alveg um jeppana

Eru einhver svæði þar sem fundarmenn vilja fá betri stýringu?

Feta: – það eru Landmannalaugar – þungamiðja, það sem snýr í kringum Laugavegin, þetta tvennt númer 1 og 2.

Jón 4x4 – Rauðfossagilið, er verið að fara þangað með túrista spyr hann, utan sumarstímans?

Jón Feta – já það er eitthvað verið að fara þangað,

Hákon: Það svæði skilgreint sem mjög viðkvæmt svæði, búið að fá fjármagn til að skipuleggja þetta svæði. Margir slóðar upp að fossinum en þeir eru allir lokaðir, en hafa verið keyrðir, það þarf að loka þeim betur.

Jón Fetar- getur verið spurning um að velja einn slóða sem ber umferðina?

Hákon: álit sveitarfélags og UST að bílastæði ætti að vera fyrir neðan fossinn, draga bílastæðin frá fossunum, almennt á friðlýstum svæðum lögð áhersla á að bílastæði séu fjarri náttúruperlunni sjálfri.

Hákon: endurskoða undnaþáguveitingar – ætti að vera betur skilgreint, verður rætt nánar með Vegagerðinni í vetur.